

Tilnefningarnefnd Íslandsbanka

Skýrsla til hluthafafundar
19. janúar 2026

Birting skýrslu 14. janúar 2026

Stjórn Íslandsbanka hf. boðaði til hluthafafundar þann 22. desember 2025. Fundurinn verður haldinn mánudaginn 19. janúar 2026, á hótél Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík. Jafnframt er gefinn kostur á rafrænni þátttöku á fundinum. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Ávarp stjórnarformanns
2. Kosning stjórnar, varastjórnar bankans og formanns stjórnar
3. Önnur mál

Í samræmi við samþykktir bankans hefur bankinn starfandi tilnefningarnefnd sem hefur það hlutverk að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu á aðalfundi bankans, eða eftir atvikum á hluthafafundi þar sem stjórnarkjör er á dagskrá.

Samantekt

Í skýrslu þessari er greint frá störfum nefndarinnar og tilnefningum nefndarinnar fyrir hluthafafund Íslandsbanka.

Við mat tilnefningarnefndar á framkomnum framboðum var m.a. stuðst við eftirfarandi:

- Viðtöl nefndarinnar við stjórn og bankastjóra til að öðlast betri yfirsýn yfir störf og samsetningu stjórnar. Í viðtölum við stjórn voru lagðar spurningar fyrir stjórnarmenn þar sem m.a. var farið yfir hæfni og þekkingu viðkomandi ásamt því að lagt var mat á aðra stjórnarmenn, stjórnina í heild sem og stjórnarformann.
- Niðurstöður sjálfs- og árangursmats stjórnar bankans sem var m.a. lagt til grundvallar við mat nefndarinnar á störfum stjórnarinnar og samsetningu hennar.
- Samtöl við stærstu hluthafa Íslandsbanka sem þáðu boð nefndarinnar um fund til að fá fram sjónarmið þeirra varðandi störf nefndarinnar og samsetningu stjórnar í aðdraganda hluthafafundar.
- Viðeigandi reglur um hæfisskilyrði stjórnar og ákvæða stefnu bankans um hæfi stjórnar, bankastjóra og lykilstarfsmanna.
- Viðtöl við frambjóðendur til stjórnar félagsins en alls bárust 18 framboð til aðalstjórnar en 11 þeirra frambjóðenda óskuðu eftir að draga framboð sitt til baka ef þeir yrðu ekki tilnefndir af nefndinni.

Eftir að hafa lagt mat á framangreint er það niðurstaða nefndinnar að tilnefna eftirfarandi aðila í stjórn bankans á hluthafafundi bankans 19. janúar 2026:

Haukur Örn Birgisson
Heiðar Guðjónsson
Helga Hlín Hákonardóttir
Margrét Pétursdóttir
Stefán Pétursson
Stefán Sigurðsson
Valgerður Skúladóttir

Tilnefningarnefnd leggur til að Heiðar Guðjónsson verði kjörinn formaður stjórnar.

Alls bárust þrjú framboð til varastjórnar en eitt framboð var síðar dregið til baka. Tilnefningarnefnd leggur til að Herdís Gunnarsdóttir og Magnús E. Björnsson verði kjörin í varastjórn.

Tilnefningarnefnd Íslandsbanka

Markmið nefndarinnar er að skapa vettvang til að koma framboðum til stjórnar á framfæri, að meta hæfi einstakra frambjóðenda til að rækja hlutverk sitt, að tryggja að sá hópur sem tilnefndur er í stjórnina hafi nægilega breidd hvað varðar þekkingu, reynslu og bakgrunn út frá stefnu, þörfum og starfsemi bankans og að sjá til þess að tilnefndur hópur sé nægilega fjölbreyttur. Nefndin hefur ráðgefandi hlutverk í tengslum við kosningu til stjórnar bankans.

Nefndarmenn tilnefningarnefndar skulu vera þrír auk tveggja varamanna. Tveir nefndarmenn tilnefningarnefndar ásamt einum varamanni skulu kjörnir af aðalfundi, eða öðrum hluthafafundi þar sem kjör nefndarmanna tilnefningarnefndar er á dagskrá, til eins árs í senn. Í samræmi við 2. mgr. 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki, og samþykktir bankans, skulu þriðji nefndarmaður tilnefningarnefndar og varamaður hans vera stjórnarmenn í bankanum og eru þeir skipaðir af stjórn til eins árs í senn.

Eftirfarandi einstaklingar voru kjörnir í tilnefningarnefnd bankans í mars 2025 á aðalfundi Íslandsbanka: Helga Valfells, Hilmar Garðar Hjaltason og Anna Rut Þráinsdóttir, varamaður.

Í kjölfar aðalfundar bankans 2025 var Agnar Tómas Möller, stjórnarmaður, skipaður í tilnefningarnefnd, og Haukur Örn Birgisson, stjórnarmaður, varamaður. Þann 16. desember sama ár tók Linda Jónsdóttir, stjórnarformaður, við af Agnari í nefndinni.

Tilnefningarnefnd bankans er þannig skipuð:

- **Helga Valfells, formaður**

Helga sat í stjórn Íslandsbanka frá 2013 til 2019. Hún er einn af þremur stofnendum Strawberry Capital og hefur verið framkvæmdastjóri félagsins frá árinu 2017-2025. Helga hefur verið stjórnarformaður Strawberry Capital frá árinu 2025. Helga situr í stjórn átta tæknifyrirtækja fyrir hönd Strawberry. Innan Strawberry hefur hún lagt sérstaka áherslu á fjártækni. Hún situr í stjórn ungra fjártækniyrirtækja í Danmörku, Finnlandi og á Íslandi. Helga var varaformaður stjórnar Símans frá 2018 til 2021. Helga var framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og stjórnarformaður Frumtaks GP frá 2010 til 2017. Helga hefur einnig starfað sem aðstoðarmaður viðskiptaráðherra og sem forstöðumaður hjá Útflutningsráði Íslands. Helga bjó alls níu ár í Bretlandi þar sem hún starfaði hjá Estée Lauder og í fyrirtækjaráðgjöf hjá Merrill Lynch með sérstaka áherslu á ráðgjöf við fjármálafyrirtæki. Hún hefur tekið þátt í stofnun nokkurra fyrirtækja. Helga er með B.A. frá Harvard háskóla og MBA frá London Business School. Helga á 14,076 hluti í Íslandsbanka og telst óháð bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

- **Hilmar Garðar Hjaltason**

Hilmar Garðar Hjaltason er ráðgjafi og meðeigandi að Vinnvinn ráðningum og ráðgjöf. Hilmar hefur starfað við ráðningar frá árinu 1998. Hans sérsvið er stjórnendaleit og mönnun stjórna. Hilmar hefur byggt upp gríðarlega gott tengslanet og mikla reynslu á markaði. Hann hefur áunnið sér góð tengsl við íslenska stjórnendur og fagfjárfesta sem eru að leita að stjórnendum. Hilmar hefur starfað fyrir fjöldann allan af fyrirtækjum í öllum atvinnugeirum og á opinberum markaði, komið að ráðningum forstjóra og lykilstjórnenda margra stærstu fyrirtækja landsins og ráðningu starfsmanna í stærri sem minni fyrirtækjum. Hilmar hefur reynslu af störfum valnefnda fyrir opinbera aðila og störfum tilnefningarnefnda skráðra félaga. Auk þess hefur hann mikla reynslu af vinnu fyrir stór íslensk fyrirtæki á alþjóðamörkuðum. Hilmar á enga hluti í Íslandsbanka og telst óháður bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

- **Linda Jónsdóttir, stjórnarformaður**

Linda Jónsdóttir er fjármálastjóri Alvotech. Hún var aðstoðarforstjóri og fjármálastjóri Sidekick Health frá 2024-2025 og var framkvæmdastjóri rekstrar (Chief Operating Officer) hjá Marel til lok janúar 2024. Þar áður var hún fjármálastjóri Marel frá 2014-2022 og forstöðumaður fjárstýringar, fjármögnunar og fjárfestatengsla frá 2009-2014. Linda hefur yfirgripsmikla alþjóðlega reynslu af stjórnun, fjármálum, skráningu fyrirtækja á markað og rekstri í gegnum störf sín hjá Marel. Linda hefur einnig viðtæka starfsreynslu úr íslensku atvinnulífi úr störfum sínum fyrir Eimskip og Straum Burðarás fjárfestingarbanka. Linda situr í stjórn Vísindagarða og hefur áður sinnt stjórnarstörfum fyrir Viðskiptaráð Íslands og Framtakssjóð Íslands (FSÍ). Linda er með M.Sc. í fjármálum fyrirtækja frá Háskólanum í Reykjavík, Cand. oecón í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands, og próf í verðbréfamiðlun. Linda og maki hennar eiga hvort um sig 12.659 hluti í Íslandsbanka. Linda telst óháð bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila né samkeppnisaðila Íslandsbanka.

Varamenn í tilnefningarnefnd eru Anna Rut Práinsdóttir og Haukur Örn Birgisson, stjórnarmaður.

Starfsreglur tilnefningarnefndarinnar voru samþykktar í núverandi mynd sinni á aðalfundi Íslandsbanka þann 21. mars 2024 og eru þær aðgengilegar á vef bankans.

Störf tilnefningarnefndar í aðdraganda hluthafafundar

Eftir að hafa gegnt formennsku í stjórn Íslandsbanka í næstum þrjú ár lýsti Linda Jónsdóttir, stjórnarformaður, því yfir í tilkynningu til kauphallar þann 8. desember 2025 að hún myndi ekki sækjast eftir endurkjöri í stjórn bankans á næsta aðalfundi. Með því að tilkynna þetta á þessum tímamarki kvaðst hún vilja gefa tilnefningarnefnd góðan tíma til að rækja hlutverk sitt í aðdraganda aðalfundar og hún myndi aðstoða nefndina eftir þörfum til að tryggja farsæla yfirfærslu til nýs stjórnarformanns.

Í kjölfar framangreindrar tilkynningar barst stjórn Íslandsbanka krafa frá hluthöfum sem ráða yfir meira en 1/20 hlutafjár í bankanum, sbr. tilkynning bankans til kauphallar þann 8. desember 2025. Var krafan gerð í samræmi við 85. grein hlutafélagalaga nr. 2/1995 og ákvæði samþykktar Íslandsbanka.

Með tilkynningu í kauphöll 22. desember 2025 boðaði stjórn Íslandsbanka til hluthafafundar þann 19. janúar 2026 þar sem stjórnarkjör er á dagskrá.

En eins og að framan greinir skipaði stjórn Lindu Jónsdóttur í tilnefningarnefnd í stað Agnars Tómasar Möller þann 16. desember 2025. Var það mat stjórnar að það væri heppilegast að fráfarandi stjórnarformaður, sem hafði þegar ákveðið að bjóða sig ekki fram til áframhaldandi stjórnarsetu, tæki sæti í tilnefningarnefndinni til að tryggja hlutleysi í ferlinu.

Tók nefndin þegar til starfa við undirbúning stjórnarkjörsins.

Nefndin hittist í aðdraganda hluthafafundarins til að skipuleggja tilnefningarferlið, kynna sér sjálfs- og árangursmat stjórnar, taka viðtöl við stærstu hluthafa, stjórn og bankastjóra annars vegar og frambjóðendur hins vegar og vinna að tilnefningum nefndarinnar til hluthafafundarins.

Nefndin auglýsti eftir framboðum, og sjónarmiðum hluthafa varðandi störf nefndarinnar í aðdraganda hluthafafundar, með tilkynningu í fréttakerfi Nasdaq Iceland þann 15. desember 2025. Tilkynningin hafði að geyma leiðbeiningar um hvernig hluthafar geti sent tillögur sínar og einstaklingar tilkynnt um framboð sitt, þar á meðal um viðeigandi framboðsfresti. Jafnframt voru viðeigandi gögn og leiðbeiningar birtar samhliða á heimasíðu bankans. Í tilkynningunni var hluthöfum boðið að koma á framfæri við nefndina framboðum eða sjónarmiðum varðandi

störf hennar í aðdraganda hluthafafundar í gegnum netfangið tilnefningarnefnd@islandsbanki.is

Tímastund til að skila inn framboðum til tilnefningarnefndar rann út þann 22. desember 2025.

Í samræmi við framangreinda auglýsingu tilnefningarnefndar Íslandsbanka voru hluthafar beðnir að beina tillögum sínum til tilnefningarnefndar bankans. Alls bárust 18 framboð til aðalstjórnar en 11 þeirra frambjóðenda óskuðu eftir að draga framboð sitt til baka ef þeir yrðu ekki tilnefndir af nefndinni. Þrjú framboð til varastjórnar bárust en eitt var síðar dregið til baka.

Störf tilnefningarnefndar og skilafrestur umsókna til hennar takmarka ekki rétt frambjóðenda til að skila inn framboðum til stjórnar bankans áður en almennur framboðsfrestur rennur út, sem er fimm (5) dögum fyrir hluthafafund bankans, þ.e. klukkan 16:00 þann 14. janúar 2026. Frambjóðendur sem vilja skila inn framboði til stjórnar eru beðnir um að fylla út sérstakt eyðublað sem finna má á [vef bankans](#).

Nefndin lagði mat á alla frambjóðendur til stjórnar og varastjórnar. Nefndin tók viðtöl við sitjandi stjórnarmenn bankans þar sem m.a. var farið yfir hæfni, reynslu og þekkingu viðkomandi ásamt því að lagt var mat á aðra stjórnarmenn sem og stjórnina í heild. Jafnframt var rætt við bankastjóra annars vegar til að fá álit hans á þeirri lykilhæfni og þekkingu sem stjórn félagsins þarf á að halda og hins vegar til að meta samsetningu stjórnarinnar, samstarfið sem og árangur stjórnar. Nefndin fékk jafnframt aðgang að niðurstöðum sjálfs- og árangursmats stjórnar bankans sem var m.a. lagt til grundvallar við mat nefndarinnar á störfum stjórnarinnar og samsetningu hennar.

Tilnefningarnefnd leggur ríka áherslu á gagnsæi og góð samskipti við hluthafa í tengslum við störf sín. Haldnir voru fundir með stærstu hluthöfum bankans sem þáðu boð nefndarinnar um fund til að fá fram sjónarmið þeirra varðandi störf nefndarinnar og samsetningu stjórnar í aðdraganda hluthafafundar og fara yfir tilnefningarferlið í heild sinni.

Hæfniskröfur og viðmið tilnefningarnefndar fyrir stjórn Íslandsbanka

Við mat tilnefningarnefndar á framboðum horfði nefndin til hæfisskilyrða stjórnar samkvæmt 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, ákvæða stefnu bankans um hæfi stjórnar, bankastjóra og lykilstarfsmanna og viðeigandi leiðbeininga og tilmæla um hæfi stjórnar fjármálafyrirtækja. Framangreindu til viðbótar hafði nefndin til hliðsjónar að reynsla og þekking á eftirfarandi þáttum væri æskileg:

- Áhættuþættir í rekstri fjármálafyrirtækja
- Reynsla úr íslensku atvinnulífi
- Markaðsmál
- Alþjóðareynsla
- Fjármögnun fjármálafyrirtækja
- Stjórnunarreynsla
- Lánastarfsemi
- Fjártækni
- Stefnumótun
- Viðskiptabankastarfsemi
- Fyrirtækjasvið banka
- Reikningskil og endurskoðun
- Sjálfbærni
- Stjórnarhættir og mannauðsmál
- Leiðtogaþæfni

Við undirbúning tillagna sinna um frambjóðendur til stjórnar lagði nefndin mat á hæfni frambjóðenda, færni, reynslu, þekkingu og orðspor samkvæmt gildandi reglum um hæfi stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum. Nefndin lagði einnig mat á óhæði frambjóðenda í

samræmi við Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Íslandi og lagði jafnframt mat á þann tíma sem vænta má að stjórnaseti krefjist. Nefndin leitaðist jafnframt við að koma á fjölbreyttri stjórn bankans og í þeim efnum fylgja samþykktum bankans, þar á meðal ákvæðum samþykktanna um að hlutfalls hvors kyns í stjórn og varastjórn skuli ekki vera lægra en 40%.

Tilnefningar í stjórn Íslandsbanka

Tilnefningarnefnd lagði mat á þau framboð sem bárust nefndinni og hafði það að markmiði að sá hópur sem nefndin tilnefnir í stjórn bankans hafi nægilega breidd hvað varðar þekkingu, reynslu og bakgrunn út frá stefnu, þörfum og starfsemi bankans og að sá hópur sem tilnefndur er sé nægilega fjölbreyttur.

Viðtöl við stærstu hluthafa sýndu vilja til breytinga á stjórn bankans en jafnframt tryggja áframhaldandi stöðugleika í störfum stjórnarinnar. Þá tók nefndin tillit til vilja hluthafa vegna tilnefningar nýs formanns. Nefndin telur að fyrirhuguð stjórnarsamsetning styrki hæfni stjórnar og þjóni langtímahagsmunum bankans. Nefndin telur samsetninguna jafnframt endurspeglar breytt eignarhald í bankanum ásamt nauðsynlegri samfellu og reynslu í starfi stjórnar.

Eftir að hafa lagt mat á frambjóðendur, störf stjórnar og sjónarmið hluthafa bankans, hefur tilnefningarnefnd Íslandsbanka komist að niðurstöðu um að leggja til að eftirtaldir einstaklingar verði kjörnir í stjórn Íslandsbanka hf. á hluthafafundi bankans 19. janúar 2026 nk.:

- **Haukur Örn Birgisson, stjórnarmaður**

Undanfarna tvo áratugi hefur Haukur starfað sem lögmaður, þar af sem sjálfstætt starfandi lögmaður í yfir 18 ár. Hann hefur verið hæstaréttarlögmaður frá árinu 2011. Í störfum sínum hefur Haukur gætt hagsmuna og veitt ráðgjöf til lítilla og stórra fyrirtækja, einstaklinga, sveitarfélaga, stéttarfélaga og erlendra fyrirtækja og tekist á hendur fjölmörg lögfræðileg úrlausnarefni og óteljandi málflutninga fyrir dómstólum. Hann stýrði rekstri Íslensku lögfræðistofunnar, sem eigandi og framkvæmdastjóri, frá stofnun hennar árið 2008 til ársins 2023 en frá þeim tíma hefur hann rekið FIRMA lögmenn.

Haukur er með Cand. jur. frá Háskóla Íslands og réttindi sem hæstaréttarlögmaður. Þá situr Haukur í framkvæmdastjórn Opna breska meistaramótsins í golfi, sem er einn stærsti íþróttaviðburður sem haldinn er ár hvert.

Haukur á enga hluti í Íslandsbanka og telst óháður bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

- **Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður**

Heiðar er hagfræðingur með yfir 30 ára reynslu á fjármálamörkuðum, bæði á Íslandi og á alþjóðavísu. Hann hefur gegnt lykilstöðum í verðbréfamiðlun, eignastýringu og rekstri fjármálafyrirtækja, auk þess að hafa setið í stjórnnum fjölmargra félaga, þar á meðal á sviði fjarskipta, orku og fjárfestinga. Á starfsferli sínum hefur Heiðar starfað á helstu fjármálamörkuðum heims, þ. á m. á Wall Street í New York, í London og Zurich, og síðustu ár á Íslandi. Hann hefur tekið virkan þátt í alþjóðlegri umræðu um peninga- og efnahagsmál, m.a. á vettvangi G20 og World Economic Forum, og hefur gegnt formennsku í Arctic Economic Council. Sérsvið hans eru stefnumótun, rekstur og nýsköpun innan fjármála- og orkugeirans og býr hann að sterku tengslaneti bæði héraðs og erlendis. Heiðar er eigandi og framkvæmdastjóri Ursus ehf. og Ursus Capital AG Sviss. Heiðar hefur sýnt framúrskarandi árangur í alþjóðlegu samstarfi og fjárfestingum og hefur mikla reynslu af stjórnarstörfum.

Heiðar er óháður stórum hluthöfum bankans og hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka. Heiðar á 147.120 hluti og 17.458.679 hluti gegnum félag sitt Ursus ehf. í Íslandsbanka og telst þannig hafa viðskiptahagsmuna að gæta í bankanum.

- **Helga Hlín Hákonardóttir, stjórnarmaður**

Helga Hlín er meðeigandi og ráðgjafi hjá Strategíu ráðgjafafyrirtæki, sem veitir fjárfestum, stjórnnum og stjórnendum ráðgjöf, með áherslu á stefnumótun, skipulag og stjórnarhætti ásamt stjórnunar- og rekstrarráðgjöf.

Frá árinu 1996 hefur Helga Hlín tekið þátt í þróun fjármáلامarkaðar á Íslandi og innleiðingar á evrópsku regluverki og kom m.a. að stofnun og skipulagningu þriggja fjármálafyrirtækja. Helga Hlín starfaði samfleytt í 15 ár í fjárfestingar-bankastarfsemi sem framkvæmdastjóri og lögmaður hjá Sögu Fjárfestingarbanka, Straumi Burðarás Fjárfestingabanka, Íslandsbanka, Fjárfestingarbanka atvinnulífsins og Verðbréfaþingi Íslands. Þar starfaði hún á flestum sviðum fjárfestingarbankastarfsemi og eignastýringar, eigin viðskipta, fjármögnunar á innlendum og erlendum mörkuðum og fjárhagslegar endurskipulagningar fyrirtækja og banka í kjölfar alþjóðlegu fjármálakrisunnar. Árið 2011 stofnaði hún Lixiu lögmannsstofu og starfaði þar sem lögmaður til ársins 2014. Helga Hlín er einnig með yfirgripsmikla reynslu af stjórnarstörfum úr íslensku atvinnulífi. Hún situr í stjórn Rue de Net og er formaður stjórnar AP-Prifa. Áður sat hún í stjórnnum fyrirtækja á borð við mark.is, Skeljung hf., Summu Rekstrarfélag hf., Greiðsluveituna, Viðskiptaráð, Festi hf., Krónuna hf., Vís hf., WOW air hf. og Meniga Ltd.

Helga Hlín er Cand. jur. frá Háskóla Íslands, með málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi og með próf í verðbréfa viðskiptum.

Helga Hlín á enga hluti í Íslandsbanka og telst óháð bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

- **Margrét Pétursdóttir, stjórnarmaður**

Margrét Pétursdóttir er löggiltur endurskoðandi og reyndur stjórnandi með yfirgripsmikla þekkingu og reynslu á ýmsum sviðum sem snúa bæði að stjórnun og sérfræðistörfum á sviði endurskoðunar. Hún var eigandi hjá KPMG og leiddi þar þjónustu á sviði staðfestingar sjálfbærniupplýsinga auk þess að styðja við sjálfbærniráðgjöf félagsins og leiðtogaþjálfun. Margrét starfaði áður hjá EY (Ernst & Young) frá 1998 til 2023, þar sem hún gegndi m.a. stöðu forstjóra og sviðsstjóra endurskoðunarsviðs og innri endurskoðunar, auk þess að vera eigandi frá árinu 2003. Í störfum sínum hjá EY bar Margrét m.a. ábyrgð á verkefnum sem tengdust stefnumótun, stjórnarháttum, sjálfbærni, reikningsskilum og innra eftirliti.

Margrét sat stjórn IFAC (International Federation of Accountants) frá 2018–2024 þar sem hún gegndi m.a. formennsku í stjórnarháttarnefnd og sat í endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Hún hefur setið í stjórn Félags löggiltra endurskoðenda, Nordic Federation of Accountant og Viðskiptaráði. Margrét hefur m.a. sinnt kennslu í Alþjóðlegum reikningsskilum við Háskóla Íslands og þjálfað stjórnarmenn í fjármálafyrirtækjum fyrir hæfismat Fjármálaeftirlitsins. Margrét er með Cand. oecón frá Háskóla Íslands og er löggiltur endurskoðandi.

Margrét á enga hluti í Íslandsbanka og hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila bankans. Margrét telst óháð stórum hluthöfum Íslandsbanka en telst ekki óháð bankanum og daglegum stjórnendum hans vegna fyrrum stöðu sinnar sem eigandi hjá KPMG, sem er ytri endurskoðandi bankans.

- **Stefán Pétursson, stjórnarmaður**

Stefán Pétursson hefur viðtæka reynslu á fyrirtækja- og fjármálamarkaði sem stjórnandi og stjórnarmaður. Hann starfaði hjá Landsvirkjun frá 1992 til 2010, sem yfirmaður fjármögnunar, deildarstjóri fjármáladeildar og fjármálastjóri síðustu átta árin. Sem fjármálastjóri tók Stefán virkan þátt í stefnumótun fyrirtækisins auk þess sem hann stýrði arðsemisgreiningum, fjármálum og fjármögnun þess. Hann var einnig í samninganefnd Landsvirkjunar við stóra viðskiptavinum. Á árunum 2010 til 2021 var Stefán fjármálastjóri Arion banka. Þar var hann í veigamiklu hlutverki við að endurreisa bankann, móta honum nýja stefnu og efla traust á bankanum á innlendum og erlendum vettvangi. Stefán var einnig í lykilhlutverki við skráningu Arion banka á markað á Íslandi og í Svíþjóð og sölu hans til innlendra og erlendra fjárfesta. Frá 2022 hefur Stefán starfað sem fjármálastjóri hjá lyfjaþróunarfyrirtækinu EpiEndo Pharmaceuticals ehf. Stefán situr í stjórn Landsnets en hann hefur mikla reynslu af stjórnarstörfum. Hann var stjórnarformaður AFL sparisjóðs og sat í stjórn Viðskiptaráðs, Valitor, Landfesta, Landeyjar, TIF og fleiri aðila. Stefán er með Cand. oecón í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og MBA frá Babson College í Boston. Stefán á enga hluti í Íslandsbanka. Maki Stefáns á 28.153 hluti í Íslandsbanka. Stefán telst óháður bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

- **Stefán Sigurðsson, stjórnarmaður**

Stefán Sigurðsson hefur starfað í og fyrir fjármálafyrirtæki stærstan hluta starfsferils síns. Hann hefur mikla reynslu af rekstri banka og starfsemi fjármálafyrirtækja, en hann starfaði sem framkvæmdastjóri eignastýringar Íslandsbanka á árunum 2008–2014 og var meðlimur framkvæmdastjórnar bankans. Hann var áður forstöðumaður og síðar framkvæmdastjóri Stefnumótunar hjá Glitni og þar áður verkefnastjóri í fyrirtækjaráðgjöf Glitnis í Danmörku. Einnig starfaði hann að eigin viðskiptum í Landsbankanum hf. á árunum 1997–1998 og Íslandsbanka hf. frá 1998–2000. Stefán hefur yfirgripsmikla þekkingu á stjórnun, stefnumótun og viðskiptaþróun en hann starfaði sem forstjóri SÝN á árunum 2014–2019. Hann hefur haldbæra reynslu sem stjórnandi af því að innleiða stefnumótandi breytingar jafnt meðal yfirstjórnar og annarra starfsmanna. Hann býr í Kaupmannahöfn og starfar sem framkvæmdastjóri og eigandi Nordic Development ehf. ásamt því að eiga sæti í stjórn félagsins. Stefán situr einnig í stjórn FÓLK Reykjavík ehf. og er stjórnarformaður Isavia ANS ehf. Hann hefur setið í stjórn Verðbréfamiðstöðvar Íslands hf., Viðskiptaráðs og Island Fund S.A. í Lúxemborg. Stefán er með MSc. í hagfræði frá Kaupmannahafnarháskóla og BSc. í hagfræði frá Háskóla Íslands. Stefán á enga hluti í Íslandsbanka og telst óháður bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

- **Valgerður Hrund Skúladóttir, stjórnarmaður**

Valgerður hefur starfað í upplýsingatækni sl. 30 ár. Hún er stofnandi upplýsingatæknifyrirtækisins Sensa og var framkvæmdastjóri þess frá 2002–2025. Áður var hún m.a. framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og heildarlausnarsviðs Tæknivals. Hún hefur setið í stjórnnum upplýsingatæknifyrirtækjanna Staki Automation og Talenta, Siminn DK og Sensa A/S og situr núna í stjórn fjártæknifyrirtækisins Memento, Isavia ANS og Skógræktarfélag Reykjavíkur. Þá hefur hún setið í stjórn Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins, sprotafyrirtækisins Orb og verið stjórnarformaður SUT (Samtök upplýsingatæknifyrirtækja) og setið í Hugverkaráði Samtaka iðnaðarins. Valgerður er rafmagnsverkfræðingur C.Sc. frá Háskóla Íslands og er með MBA frá University of Miami. Valgerður á 12.659 hluti í Íslandsbanka og telst óháð bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Íslandsbanka.

- **Herdís Gunnarsdóttir, varastjórn**

Herdís Gunnarsdóttir hefur verið varamaður í stjórn Íslandsbanka frá apríl 2016. Hún tók sæti í aðalstjórn bankans í nóvember 2020 og sat sem stjórnarmaður fram að aðalfundi bankans 2021 og aftur í október 2022. Herdís er forstjóri Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála og hefur áður starfað, m.a. sem framkvæmdastjóri réttindasviðs Tryggingastofnunar og forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Herdís er með yfirgripsmikla reynslu sem stjórnandi í heilbrigðisgeiranum og hjá opinberum stofnunum, en hefur að auki sinnt sjálfstæðum verkefnum á sviði stefnumótunar og verkefnisstjórnunar. Samhliða störfum sínum hefur hún einnig sinnt háskólakennslu. Þá hefur hún langa reynslu af stjórnarstörfum á vettvangi félagasamtaka, stéttar- og fagfélaga, lífeyrissjóða og í Evrópusamstarfi, þar af með stjórnarformennsku í lífeyrissjóði og hjá Evrópusamtökum. Herdís er með MBA frá Háskóla Íslands, M.Sc. í barnahjúkrun og B.Sc. í hjúkrunarfræði, frá Háskóla Íslands. Herdís á enga hluti í Íslandsbanka og telst óháð bankanum og stórum hluthöfum hans. Herdís hefur engin hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila bankans.

- **Magnús E. Björnsson, varastjórn**

Magnús E. Björnsson er framkvæmdastjóri, ráðgjafi og fjárfestir með yfir tuttugu ára reynslu af uppbyggingu og vexti fyrirtækja á Norðurlöndunum og á alþjóðavettvangi. Hann hefur gegnt lykilhlutverki í stefnumótun, umbreytingu og vexti fyrirtækja, meðal annars sem framkvæmdastjóri Men&Mice. Magnús er framkvæmdastjóri Reglu, hugbúnaðarfyrirtækis á sviði bókhalds- og viðskiptalausna, þar sem hann hefur leitt stefnumótandi endurskipulagningu og innleiðingu nýrrar vöruáætlunar með áherslu á sjálfbæran vöxt og hagnýtingu gervigreindar. Magnús hefur viðtæka reynslu af stjórnarstörfum og ráðgjöf, meðal annars sem eigandi og framkvæmdastjóri Panacea. Magnús situr eða hefur setið í stjórn ýmissa nýsköpunarfyrirtækja á sviði fjártækni og gervigreindar, s.s. Monerium, Activity Stream og Data Lab. Hann starfaði einnig sem yfirmaður þróunar hjá Oracle Corporation í Bandaríkjunum, þar sem hann leiddi alþjóðleg teymi og þróun á stórum hugbúnaðarlausnum fyrir gagnavinnslu og gagnagreiningu.

Magnús er með doktorsgráðu í tölvunarfræði frá Brandeis University, auk meistaraþráðu í tölvunarfræði og B.Sc. gráðu í bæði tölvunarfræði og stærðfræðilegri eðlisfræði frá Háskóla Íslands. Hann hefur lokið stjórnendanámi frá Stanford Graduate School of Business. Magnús hefur kennt námskeið í hugbúnaðargerð, gervigreind og gagnagreiningu við Háskólann í Reykjavík og Brandeis University.

Magnús á enga hluti í Íslandsbanka. Maki Magnúsar á 187.686 hluti í Íslandsbanka. Magnús telst óháður bankanum og stórum hluthöfum hans. Engin hagsmunatengsl eru við helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila félagsins.

Verði stjórn bankans skipuð þeim einstaklingum sem nefndin tilnefnir er það mat nefndarinnar að hún muni hafi nægilega breidd hvað varðar þekkingu, reynslu og bakgrunn út frá stefnu, þörfum og starfsemi bankans, með vísan til þeirra upplýsinga um frambjóðendur sem að ofan greinir. Jafnframt uppfylli hún viðeigandi ákvæði laga og samþykkt bankans um að hlutfall hvors kyns í stjórn og varastjórn skuli ekki vera lægra en 40% og endurspegli fjölbreyttan hóp einstaklinga, meðal annars m.t.t. menntunar, starfsreynslu og aldurs.